

Landvarðarnámskeið 2015

Landvarðarnámskeið Umhverfisstofnunar verður á vormánuðum 2015. Jón Björnsson sérfræðingur á Hornstrandastofu sér um námskeiðið, undirbúning o.fl. ásamt kennurum sem koma að helstu þáttum námskeiðsins. Námskeiðið spannar um 100 kennslustundir sem raðast niður á 4 vikur. Það hefst 12. febrúar og lýkur 8. mars. Nemendur sem ljúka landvarðarnámskeiði ganga fyrir um landvarðastörf í þjóðgörðum og öðrum friðlýstum svæðum. Umhverfisstofnun hefur yfirumsjón með námskeiðinu.

Markmið:

Markmið námskeiðsins er að tryggja framboð af hæfum landvörðum til starfa á friðlýstum svæðum. Kennt er samkvæmt námskrá Umhverfisstofnunar og reglugerðar um landverði, nr. 061/1990.

Starf að námi loknu

Allmargir landverðir eru ráðnir til starfa á friðlýstum svæðum ár hvert. Þeir sem ljúka landvarðarnámskeiði öðlast rétt til að starfa sem landverðir. Eftirspurn eftir landvörðum og framboð reyndra landvarða ræður mestu um hve margir nýútskrifaðir fá vinnu. Námskeiðið er því ekki trygging þess að hljóta vinnu á friðlýstum svæðum, en möguleikarnir eru mun meiri.

Kennsla, stundaskrá:

Námskeiðið verður kennt milli kl. 17:00 og 21:00, alls 8 kvöld og fjórar helgar milli klukkan 09:00 og 16:00 (sjá stundaskrá). Fjögurra daga vettvangs- og verkefnaferð verður á námskeiðinu þar sem gist verður utan höfuðborgarsvæðisins. Námskeiðið verður boðið sem staðarnám og fjarnám. Fjarnemar hafa skyldumætingu í vettvangs- og verkefnaferðina og lokahelgina.

Staðsetning námskeiðs:

Námskeiðið verður haldið á 5. hæð í húsnæði Umhverfisstofnunar, Suðurlandsbraut 24, Reykjavík. Allir fyrirlestrar eru sendir beint út en verða teknir teknir upp og settir á netið í lok hvers dags.

Nemendur:

Nemendum af öllu landinu gefst kostur á að taka þátt. Lágmarksaldur þátttakenda er 20 ára á árinu. Lágmarksfjöldi þátttakenda til að námskeið verði haldið er 25 og hámarksfjöldi 30.

Námskeiðsgjöld

Námskeiðsgjöld eru 155.000 kr og standa undir öllum kostnaði við námskeiðið. Námskeiðsgjald skal greiða eða semja um greiðslu þess áður en námskeiðið hefst, eða eigi síðar en 6. febrúar 2015. Innifalið í námskeiðsgjaldi eru kennsla, kennslugögn og vettvangsferðir. Einnig fæðis- og gistikostnaður vegna verkefnaferðarinnar. Boðið er uppá kaffi og te á námskeiðsstað. Nemendur eru hvattir til þess að hafa með sér nesti kvöld og helgar á Suðurlandsbraut, en einnig er þar hægt að kaupa ávexti, skyr og annað smávægilegt. Námskeiðið er styrkhæft hjá mörgum starfsmenntunarsjóðum.

Leiðbeinendur, val og reynsla:

Leiðbeinendur eru reynslumiklir starfsmenn, landverðir og starfsmenn annarra stofnana. Lögð er áhersla á leiðbeinendur með víðtæka reynslu og þekkingu á starfssemi verndarsvæða og störfum landvarða. Margir þeirra hafa kennt árum saman á landvarðarnámskeiðum.

Lögð er rík áhersla á að nemendur fái góða þjónustu og kennslu. Jafnframt að námið sé nytsamt og gagnist nemendum þó þeir starfi ekki við landvörslu. Leiðbeinendur eru meðvitaðir um þennan þátt og undirbúa kennslu sína með hag nemenda að leiðarljósi.

Mat á frammistöðu nemenda

Nemendur taka þátt í öllum hópverkefnum sem lögð verða fyrir. Fjarnemar leysa sérverkefni í þeim námskeiðum sem lenda utan staðarlota. Einnig skulu nemendur leysa önnur verkefni sem kennarar leggja fyrir. Heimavinna er í formi lesturs á ítarefni sem lagt verður fyrir, einstaklingsverkefna o.fl. Mat verður lagt á frammistöðu nemenda á námskeiðinu og þeir sem ekki standast matið geta ekki útskrifast.

Nánari upplýsingar um námskeiðið og skráning

Nánari upplýsingar um námskeiðið gefur Jón Björnsson í síma 591 2000 eða netfang: jonb@ust.is. Jafnframt ber að senda skráningar á námskeiðið til hans, Í skráningu skal koma fram nafn, heimilisfang og kennitala umsækjenda, netfang og símanúmer og númerandi starf. Skráningafrestur er til 4. febrúar 2015.

Dagskrá Landvarðarnámskeiðsins

Megin umfjöllunarefni námskeiðsins er:

- Landverðir, helstu störf
- Náttúruvernd og stjórnábyrgð náttúruverndarmála
- Verðmæti friðlýstra svæða, náttúra, menning og saga
- Gestir friðlýstra svæða, þjónusta, samskipti og hagsmunaaðilar
- Náttúrutúlkun, fræðsla á friðlýstum svæðum
- Vinnustaður landvarða
- Öryggisfræðsla
- Verndaráætlanir, mat á gildi verndarsvæða

LANDVARÐANÁMSKEIÐ 2015

Stundaskrá

Dags:	Efni og helstu aðferðir:	Lengd.	Tími.
12. feb	Kynning á námskeiði	1 klst.	17-18
12. feb	Helstu störf landvarða. Saga landvörslu.	4 klst.	18-22
13. feb	Náttúruvernd og stjórnsýsla náttúruverndarmála	4 klst.	17-21
14. feb	Náttúruvernd og stjórnsýsla náttúruverndarmála	7 klst	9-16
15. feb	Náttúrutúlkun	6 klst.	9-15
19. feb	Verðmæti friðlýstra svæða, náttúra, menning og saga	4 klst.	17-21
20. feb	Verðmæti friðlýstra svæða, náttúra, menning og saga	4 klst.	17-21
21. feb	Verðmæti friðlýstra svæða, náttúra, menning og saga	2 klst.	9-11
	Gestir friðlýstra svæða, þjónusta, samskipti og hagsmunaaðilar	4 klst	11-15
22. feb	Gestir friðlýstra svæða, þjónusta, samskipti og hagsmunaaðilar	6 klst.	9-15
26. feb	Farið í Skaftafell	4 klst.	Tími síðar
27. feb	Náttúrutúlkun undirbúningur fyrir gönguferðir	10 klst.	9-19

28. feb	Náttúrutúlkun, gönguferðir	10 klst.	9-19
1. mars	Náttúrutúlkun í Skaftafelli og heimferð	6 klst.	10-16
5. mars	Vinnustaður landvarða	4 klst.	17-21
6. mars	Öryggisfræðsla, fyrirlestrar og vettvangsferðir	4 klst.	17-21
7. mars	Öryggisfræðsla, fyrirlestrar og vettvangsferðir	6 klst	9-15
8.mars	Verndaráætlun, mat á gildi verndarsvæða	8 klst.	9-17
8.mars	Lok námskeiðs	2 klst.	17-19

Námskeiðið er boðið í fjarnámi en skyldumæting er í Skaftafell og lokahelgina

Stundaskráin er með fyrirvara um breytingar.

Ef breytingar verða á dagskrá, liggja þær fyrir eigi síðar en 30. janúar

Sjálfsnám – Heimavinna fylgir hluta námskeiðsins